

Sveitarfélagið Hornafjörður
Gunnlaugur Rúnar Sigurðsson
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 12. júní 2013
Tilvísun: UST20130400186/ksj

Tillaga að deiliskipulagi þjónustusvæðis við Jökulsárlón á Breiðamerkursandi.

Vísað er til erindis yfirmanns umhverfis- og skipulags Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 30. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi Jökulsárlóns. Deiliskipulagssvæðið er u.p.b. 50 ha spilda á austurbakka Jökulsárlóns á Breiðamerkursandi, við útfall Jökulsár úr Jökulsárlóni, milli þjóðvegar og bakka lónsins.

Varnarveggir

Í greinargerð kemur fram að varnaraðgerðir á bökkum Jökulsár og í farvegi hennar og á ströndinni eru nauðsynlegar til viðhalds á hringvegi 1. Einnig kemur fram að grjót í varnarvirki verði unnið úr nánum á vestanverðum Breiðamerkursandi og vestan Jökulsár, utan deiliskipulagssvæðisins. Umhverfisstofnun bendir á að efnið þarf að koma úr nánum með starfsleyfi.

Tilgangur og viðfangsefni deiliskipulagsgerðar

Í greinargerð kemur fram að mikil þörf sé á bættri og breyttri aðstöðu til móttöku ferðamanna við Jökulsárlón á Breiðamerkursandi. Einnig kemur fram að mikilvægt sé að fram fari stefnumörkun um heildarskipulag Breiðamerkursands, þar sem fjallað verði um verndargildi svæðisins, ferðapjónustu og aðrar athafnir þar, og víðtækt mat verði lagt á þolmörk og nauðsynlegar aðgerðir með tilliti til þeirra, svo sem mannvirkjagerð af ýmsu tagi.

Umhverfisstofnun tekur undir það.

Beðist er

velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfullst

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfraðingur

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfraðingur

Skipulagsstofnun